



Skýrsla um samráð

Efni samráðs

Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003 (ríki-fyrir-ríki skýrsla um skattskil)

Samráð hófst

30. janúar 2019.

Samráði lauk

13. febrúar 2019.

Fjöldi umsagna

1.

Umsagnaraðilar

Samtök atvinnulífsins.

Samantekt um umsagnir og viðbrögð

Samtök atvinnulífsins gerðu athugasemd við það að ósamræmi væri á milli frumvarpsins og auglýsingar RSK nr. 1/2019. Í auglýsingu RSK kemur fram að frestur til að skila eyðublaði með tilkynningu um skil á ríki-fyrir-ríki skýrslu væri til 20. janúar 2019 vegna ársins 2018. Samkvæmt frumvarpinu á að skila upplýsingum til RSK fyrir lok hvers reikningsárs. Athygli er vakin á því að samkvæmt frumvarpinu koma lögin til framkvæmda 1. janúar 2020. Auglýsing 1/2019 tekur til skila vegna ársins 2018.

Samtök atvinnulífsins gera einnig athugasemd við það að ósamræmi sé á milli reglugerðar nr. 1166/2016 um skil á ríki-fyrir-ríki skýrslu og frumvarpsins. Athygli er vakin á því að til stendur að gefa út nýja reglugerð um skil á ríki-fyrir-ríki skýrslu samhliða gildistöku frumvarpsins og þar verður tryggt að samræmi sé á milli lagaákvæðisins og reglugerðarinnar.